

Ársskýrsla Árskóla



Skólaárið 2014-2015



EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit	2
Inngangur	5
Starfstími skólans	6
Nemendafjöldi	6
Starfsmannahald	6
Stjórnendur	6
Starfsmenn - stöðugildi	7
Fjármál	8
Fjárhagsáætlun Árskóla 2010-2014	8
Endurskoðun skólanámskrár	8
Annað skipulag	9
Skólaráð	9
Nemendafélag	9
Skipting skólaársins í annir - námsmat	9
Stoðþjónusta - stuðningsúrræði	10
Teymiskennsla	12
Árvist - tómstundaskóli	13



Skipulag félagsstarfa.....	13
Samstarf.....	15
Samstarf heimila og skóla.....	15
Foreldrafélag.....	15
Foreldrasamstarf.....	15
Tengsl við leikskóla.....	17
Tengsl við framhaldsskóla.....	18
Tengsl við erlenda skóla.....	19
Samræmd könnunarpróf.....	20
Valgreinar.....	21
Skólasafn.....	21
Tölvu - og upplýsingatækni.....	22
Tækjabúnaður.....	22
Þróunarverkefni í upplýsingatækni.....	23
Mat á skólstarfi – sjálfsmat skóla.....	26
Endurmenntun.....	27
Fræðsla innan skólans.....	27
Ráðstefnur, námsferðir og námskeið utan skólans.....	28



Fræðsludagur	28
Þróunarverkefni – nýbreytnistarf.....	29
Vinaliðaverkefnið	29
Byrjendalæsi	30
Olweus.....	31
Fagmennskuverkefni	32
Comenius.....	35
Vinaverkefnið	35
Fylgiskjöl.....	38
Fylgiskjal 1 – Skóladagatal 2014 - 2015	38
Fylgiskjal 2 – Skóladagatal 2015 - 2016	39
Fylgiskjal 3 - Umsókn um námsval í 9. og 10. bekk.....	40
Fylgiskjal 4 – Samningur	42
Fylgiskjal 5 – Námsval í 8. bekk	43



INNGANGUR

Í haust hóf Árskóli sitt annað starfsár með alla starfsemi skólans undir einu þaki. Auðveldar það allt skipulag og utanumhald. Námsumhverfið er gjörbreytt og mun hentugra til þeirra kennsluaðferða sem viðhafðar eru í skólanum með teymiskennslu í öllum bekkjum. Teymiskennslu eru gerð skil í sérstökum kafla í skýrslunni. Þrátt fyrir breytt námsumhverfi og betri aðstæður til kennslu má þó ekki gleyma því að A-álma skólans er orðin verulega úr sér gengin og þarfnast sárlega viðhalds og endurbóta til að hún geti þjónað miðstiginu sem skyldi.

Ríkar hefðir móta skólastarfið í Árskóla og skapa skólanum sérstöðu. Margar hefðanna eru áratuga gamlar og aðrar hafa fest sig í sessi á síðustu árum og skapa festu og öryggi í síbreytilegu skólastarfi. Faglegt starf er stór þáttur í skólastarfinu. Í vetur var eins og undanfarin ár unnið að innra mati skólastarfs, fagmennskuverkefninu og Olweusi. Áfram var unnið að þróunarverkefninu *Byrjendalæsi* og einnig hófst þróunarverkefni um upplýsingatækni í skólastarfinu sem nánar eru gerð skil í sérstökum kafla í skýrslunni.

Norska Vinaliðaverkefnið hefur fest sig í sessi og er á öllum stigum í skólanum. Aldrei hefur nokkurt verkefni haft jafnmikil áhrif á jafn skömmum tíma. Árskóli er móðurskóli verkefnisins á Íslandi og hafa starfsmenn skólans kynnt verkefnið víða um land í vetur og í haust verða um 30 skólar þátttakendur í verkefninu.

Gestagangur og erlent samstarf hefur einnig einkennt skólastarfið, en Árskóli hefur undanfarin ár tekið þátt í mörgum Comeniusarverkefnum, auk þess að vera í faglegu samstarfi við nokkra erlenda skóla.

Árskóli hefur að sjálfsögðu þurft að hagræða og endurskipuleggja eins og aðrar stofnanir Sveitarfélagsins, en reynt hefur verið að gera það á sem mildastan máta og láta starfsmannaveltuna vinna með okkur.

Sauðárkróki, 22. júní 2015

Óskar G. Björnsson skólastjóri

Hallfríður Sverrisdóttir aðstoðarskólastjóri



STARFSTÍMI SKÓLANS

Skólastarf hófst 15. ágúst með skipulagsdögum og skólasetning fór fram 21. ágúst. Skóla var slitið 2. júní. *Skóladagatal 2014-2015* og *skóladagatal 2015-2016* má sjá í fylgiskjölum.

NEMENDAFJÖLDI

Skólaárið 2014 – 2015 var nemendafjöldi skólans eftirfarandi:

1. bekkur 31 nemendur
2. bekkur 32 nemendur
3. bekkur 38 nemendur
4. bekkur 41 nemendur
5. bekkur 37 nemendur
6. bekkur 26 nemendur
7. bekkur 40 nemendur
8. bekkur 26 nemendur
9. bekkur 44 nemendur
10. bekkur 43 nemendur

Nemendur voru samtals 358 að vori 2015.

STARFSMANNAHALD

STJÓRNENDUR

Auk skólastjóra og aðstoðarskólustjóra, sem jafnframt er deildarstjóri miðstigs, starfa við Árskóla 2 deildarstjórar stiga, þær Ragnheiður Matthíasdóttir deildarstjóri yngsta stigs og Kristbjörg Kemp deildarstjóri unglingastigs. Anna Steinunn Friðriksdóttir er deildarstjóri sérkennslu. Þar að auki er deildarstjóri Árvistar - tómskundaskóla, Vala Bára Valsdóttir.



Við skólann starfa 74 starfsmenn, þar af eru kennarar 42 talsins, að deildarstjórum meðtöldum. Stöðugildi til kennslu eru 34 og kennslustundir á viku skólaárið 2014-2015 eru 830.

STARFSMENN - STÖÐUGILDI

Árskóli	Stöðugildi
Stjórnun	4
Kennarar	34,5
Skólaliðar	6,8
Stuðningsf.	7,0
Matráðar	4,2
Skólaritari	1
Umsjónarmaður/húsvörður	1
Námsráðgjafi	1
Kennsluráðgjafi	0,5
Samtals:	
<i>Kennarar og stjórnendur</i>	38,5
<i>Aðrir starfsmenn</i>	21,5
Árvist (heilsdagsskóli)	
Starfsmenn	2,04
Stjórnun	0,7
Samtals	2,74



FJÁRMÁL

FJÁRHAGSÁÆTLUN ÁRSKÓLA 2010-2014

Í töflu hér að neðan má sjá yfirlit yfir úthlutun fjármagns til skólans sl. 5 ár. Þarna er eingöngu átt við fjármagn til skólans (lykill 04213), án sérdeildar og Árvistar.

Liðir:	2010	2011	2012	2013	2014
Tekjur	12,8	12,4	14,6	9,5	23,6
Laun	319	329	339	327	347
Vörukaup	33,2	34,5	37,6	38,1	38,3
Þjónustukaup	133	143,4	146,6	148,2	172,2
<i>þar af innri leiga</i>	<i>74,0</i>	<i>79</i>	<i>84,4</i>	<i>89</i>	<i>115</i>
<i>þar af skólaakstur</i>	<i>27,4</i>	<i>31,5</i>	<i>30,3</i>	<i>22,5</i>	<i>23,5</i>
Samtals	472,2	494,5	523,4	513	533,8

ENDURSKOÐUN SKÓLANÁMSKRÁR

Skólanámskrá Árskóla var endurskoðuð ítarlega skólaárið 2011-2012 með tilliti til nýrra grunnskólalaga, nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla 2011 og athugasemda sem fram komu í úttektarskýrslu Menntamálaráðuneytisins 2010. Allir starfsmenn skólans komu að vinnunni við endurskoðunina. Skólanámskráin er tvískipt, annars vegar almenn stefnumörkun skólans sem birt er í skólanámskrá og hins vegar starfsáætlun skólans með upplýsingum sem eru breytilegar frá ári til árs. Í vetur hefur verið unnið að því að endurskoða þann hluta skólanámskrár sem snýr að námsgreinum og námsmati, en þeirri vinnu er ekki lokið og verður fram haldið næsta skólaár.



ANNANÐ SKIPULAG

SKÓLARÁÐ

Samkvæmt grunnskólalögum frá 2008 skal starfa skólaráð við hvern grunnskóla. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólalald. Auk skólastjóra sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs.

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri funda að jafnaði mánaðarlega með skólaráði, kynna þeim áætlanir skólans og fjalla um skólastarfið. Fundargerðir skólaráðs og starfsreglur eru birtar á vef skólans.

NEMENDAFÉLAG

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag samkvæmt grunnskólalögum. Stjórn nemendafélags Árskóla vinnur að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Stjórn nemendafélagsins er skipuð fulltrúum nemenda í 7. - 10. bekk. Unnið er að starfsreglum fyrir nemendafélagið. Deildarstjóri unglíngastígs fundar með stjórn nemendafélags Árskóla. Fundargerðir eru birtar á vef skólans.

SKIPTING SKÓLAÁRSINS Í ANNIR - NÁMSMAT

Skólastarfinu er skipt niður í 3 annir, sem enda allar á námsmati. Formlegt námsmat er afhent þrisvar sinnum á skólaárinu, í foreldra- og nemendaviðtölum í nóvember og febrúar og við skólaslit að vori.

Í samræmi við þróunar- og sjálfsmatsvinnu sl. ára voru gerðar breytingar á námsmati haust – og miðannar og tekið upp svokallað leiðsagnarmat í 1. – 10. bekk. Matið fer fram rafrænt í gegnum Mentor, þar sem annars vegar nemandinn, ásamt



foreldri/forráðamanni, metur sig og hins vegar metur kennarinn nemandann. Leiðsagnarmatið er síðan notað sem umræðugrundvöllur í foreldraviðtali.

Á vorönn er hefðbundið námsmat með tölum hjá 4. – 10. bekk, en umsögnum í 1. – 3. bekk. Í öllu námsmati er gert ráð fyrir að kennarar noti símat en byggi námsmatið ekki eingöngu á einstökum prófum. Prófseinkunn gildir aldrei meira en 50% af heildareinkunn. Algengt er að í starfseinkunn felist: kannanir, verkefni, heimavinna, hegðun og vinna í tímum. Vægi einstakra liða getur verið breytilegt eftir námsgreinum, en er tiltekið í náms- og kennsluáætlunum kennara.

STOÐÞJÓNUSTA - STUÐNINGSÚRRÆÐI

Undir stoðþjónustu Árskóla starfa deildarstjóri sérkennslu, náms- og starfsráðgjafi, sérkennarar, stuðningskennarar, þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar. Einnig er hægt að sækja frekari þjónustu til Fræðsluþjónustu Skagafjarðar. Deildarstjóri sérkennslu hefur yfirumsjón með og annast skipulagningu og ráðgjöf á allri sérkennslu, stuðningskennslu og öðrum stuðningi við nemendur í skólanum. Lagt er upp úr góðri samvinnu milli deildarstjóra og náms- og starfsráðgjafa og annarra sem koma að nemendum enda samvinna forsenda árangursríks starfs.

Í vetur störfuðu 15 kennarar, 2 þroskaþjálfar og 9 stuðningsfulltrúar við stoðþjónustu Árskóla í mismunandi stöðuhlutföllum. Alls voru stuðningstímar 218 á viku, þar af 166 kennarastundir og 52 þroskaþjálfastundir. Vinnuframlag stuðningsfulltrúa var um 181 klukkustund á viku sem bæði fólst í einstaklingsaðstoð og/eða aðstoð við nemendur inni í bekk.

Markmið stoðþjónustu Árskóla er að mæta þörfum nemenda með sérþarfir. Það er gert með sérkennslu, stuðningskennslu og/eða öðrum sértækum úrræðum. Í Árskóla er einnig starfrækt Námsver. Hlutverk þess er að veita nemendum með ýmis konar fötlun eða þroskafrávik sérhæfð úrræði og einstaklingsmiðað nám. Áhersla er jafnframt ætíð lögð á



að allir nemendur taki sem mestan þátt í bekkjarstarfi og sitji kennslustundir með bekkjarfélögum eins og kostur er.

Sérkennsla getur falið í sér breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og /eða kennsluaðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á. Tekið er mið af þörfum og hæfileikum hvers einstaklings og leitast er við að ná þessum markmiðum með jákvæðu viðmóti og virðingu fyrir einstaklingnum um leið og lögð eru fyrir verkefni við hæfi. Unnið er samkvæmt einstaklingsnámskrá sem sérkennari/þroskaþjálfari og umsjónarkennarar/greinakennarar útbúa í hverju tilviki fyrir sig í samráði við foreldra/forsjáraðila og annað starfsfólk. Stuðningskennsla er vinna með nemendum sem þurfa stuðning og aðhald við námið. Kennslan fer ýmist fram sem stuðningur í kennslustund eða í litlum nemendahópum.

Hlutverk stuðningsfulltrúa er að auka færni og sjálfstæði nemenda, hvort heldur sem er námslega eða félagslega. Þeir vinna undir stjórn deildarstjóra eða kennara við að aðstoða kennara við að sinna einum eða fleiri nemendum sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Góð samvinna hefur verið við fyrirtæki og stofnanir í bænum við að finna sérhæfð úrræði fyrir eldri nemendur í formi starfsþjálfunar til að auka hlut verklegrar vinnu á kostnað bóklegrar.

Teymi eru mynduð utan um nemendur með sérþarfir af ýmsu tagi til að halda utan um málefni þeirra og námsframvindu. Oftast er um að ræða nemendur með þroskafrávik, sértæka námsörðugleika og/eða aðrar sérþarfir. Fundir eru að öllu jöfnu haldnir á 6 – 8 vikna fresti. Í teymunum sitja foreldrar, umsjónarkennari, deildarstjóri sérkennslu og/eða stiga, þroskaþjálfari/sér- og stuðningskennari, stuðningsfulltrúi, auk aðila frá tengslastofnunum ef við á.



TEYMISKENNSLA

Teymiskennsla hefur verið í öllum árgöngum skólans síðustu tvo skólaár. Hefðbundið bekkjarkerfi var afnumið en í stað þess er unnið með hvern árgang í heild sem bekkjardeild og umsjónarkennarar eru yfirleitt tveir, en þrír í stærri árgöngum. Með teymiskennslu er átt við að tveir eða fleiri kennarar vinni saman að kennslu í sama rými. Umsjónarkennarar/kennarar í teyminu bera sameiginlega ábyrgð á kennslunni og skipulagi hennar og njóta liðsinnis stuðningskennara og/eða stuðningsfulltrúa sem eru þátttakendur í teyminu.

Teymiskennslan var með ýmsu sniði, algengt var að kennararnir í teyminu deildu með sér kennslu allra nemendanna en einnig var nemendum gjarnan skipt í mismunandi hópa eftir námsþörfum eða námsefni. Hver árgangur hafði tvær opnar, samliggjandi kennslustofur og höfðu kennarar möguleika á að loka á milli eftir hópum og viðfangsefni.

Markmið með teymiskennslunni er að efla skólastarfið enn betur en ótal kennslufræðileg- og félagsleg rök mæla með þessum kennsluháttum. Má þar nefna meiri sveigjanleika og fjölbreytni í verkefnum og kennsluaðferðum, meiri samvinnu og samhæfingu kennslu í árganginum, auðveldara er að koma til móts við námsþarfir hvers nemanda, nemendur fylgjast með góðum samskiptum kennaranna og upplifa jákvæða fyrirmynd í samskiptum fullorðinna. Kennsluáætlun heldur sér þótt einn kennara vanti og forfallakennari komi í hans stað og fjölbreyttari félagahópur getur leitt til meiri samheldni innan nemendahópsins. Fjárhagsleg rök eru einnig fyrir hendi því nýting á starfsfólki skólans verður hagkvæmari auk þess sem skólahúsnæðið er betur nýtt. Ókostir við teymiskennsluna eru að skipulag er þyngra í vöfum og að ýmsu leyti tekur það lengri tíma, auk þess sem sumum nemendum finnst erfitt að vinna í áreiti sem kanna að fylgja stórum nemendahópum.



ÁRVIST - TÓMSTUNDASKÓLI

Sl. haust voru 65 börn á skrá í Árvist. Börnin voru öll úr 1. - 3. bekk, en ekkert barn úr 4. bekk. Starfsemin hófst strax eftir skóla kl. 13:10 og var til kl. 16:30. Starfsmenn Árvistar voru alls 7 í vetur, deildarstjóri í 70% starfi, tveir stuðningsfulltrúar í 35 % starfi og einn í 30%, einn starfsmaður í 50% (sem sá um að loka kl. 16:30) og einn í 30% (frá kl. 13:15-16:15). Einn starfsmaður í 50% stöðu sá um ræstingar og miðdegishressingu barnanna. Hlutfallslega er þetta minna starfshlutfall en í fyrra og tæpara mátti þetta ekki vera.

Aðstæða í Árvist hefur verið nokkuð góð í vetur. Enn er þó of mikið opið rými sem býður upp á ráp og hávaða. Nauðsynlegt er að fá fleiri skilrúm til að skipta rýminu meira niður. Í vetur hefur matsalurinn verið nýttur fyrir miðdegishressingu. Nokkrum sinnum var farið með hópa upp á skólasafn og ætlunin er að halda því áfram næsta vetur. Auk þess var útisvæðið að sjálfsögðu mikið nýtt. Á heilu dögum (skipulagsdögum o.s.frv.) var stundum farið í íþróttahúsið í samstarfi við starfsfólkið þar. Næsta vetur er meiningin að nýta tónmenntastofuna líka. Samstarf hefur verið við Ungmennafélagið Tindastól í vetur og það samstarf hefur gengið mjög vel.

Starfsmannafundir hjá Árvistarfólki hafa verið af skornum skammti í vetur og það þarf að laga fyrir næsta skólaár. Eins þarf reglulegri fundi með deildarstjóra Árvistar og kennurum barna sem eru með stuðning af einhverju tagi eða skilgreindar sérþarfir.

SKIPULAG FÉLAGSSTARFA

Umsjónarkennari heldur utan um félagsstarf í sínum bekk. Hann skipuleggur bekkjarkvöld, spilakvöld, vinabekkjasmveru, litlu jól og skemmtanir, gjarnan með foreldrum, en í samstarfi við foreldrafélag skólans starfa 2 - 4 tengiliðir í hverjum bekk sem fulltrúar foreldra.



1. – 4. bekkur. Bekkjarkvöld eru haldin að lágmarki tvisvar á skólaári. Árshátíð hvers árgangs, þar sem nemendur koma fram með ýmis skemmtiatriði og leikþætti, er haldin árlega og er foreldrum og öðrum aðstandendum boðið á sýningu í Bifröst. Jólatrésskemmtun er haldin fyrir nemendur 1. – 4. bekkjar.

5. – 7. bekkur. Bekkjarkvöld eru haldin að lágmarki tvisvar á skólaári. Árshátíð þar sem allir nemendur viðkomandi bekkja koma fram er haldin árlega. Umsjónarkennarar aðstoða nemendur við undirbúning. Ágóði rennur í ferðasjóð 7. bekkjar, en 7. bekkur fer í þriggja daga ferðalag að vori. Umsjónarkennarar 7. bekkjar aðstoða við fjáröflun vetrarins. Auk þess gefa nemendur 7. bekkar út skólablað miðstigs, *Skólatrall* sem selt er til fjáröflunar.

8. – 10. bekkur. Bekkjarkvöld eru haldin að lágmarki tvisvar á skólaári. Árshátíð 8. og 9. bekkjar er haldin í desember. Árshátíð 10. bekkjar er haldin í mars. Ágóði árshátíða unglíngastigs rennur í ferðasjóð 10. bekkja sem fara í 5 – 6 daga ferð til Danmerkur og Svíþjóðar. Nemendur í leiklistarvali 10. bekkjar bera hitann og þungann af leikritinu sjálfu en allir nemendur í 10. bekk koma að sýningunum með einum eða öðrum hætti. Undanfarin ár hafa sýningar verið u.þ.b. 10 talsins. Umsjónarkennarar 10. bekkjar og deildarstjóri aðstoða nemendur við undirbúning og alla fjáröflun. Auk leiksýningar er ein aðalfjáröflunin dansmaráðun 10. bekkjar sem haldið er fyrri hluta októbermánaðar. 10. bekkur gefur einnig út skólablað unglíngastigs, *Glóðafeyki* til fjáröflunar.

Nokkur ferðalög eru farin á vegum skólans og er komin hefð á flesta áfangastaði:

1. bekkur: Heimsókn á sveitabæ – Keldudalur í Hegranesi.
2. bekkur: Heimsókn í Glaumbæ – Víðimýri, Varmahlíð og skógrækt.
3. bekkur: Farið heim að Hólum.
4. bekkur: Dagsferð. Blönduós og nágrenni.
5. bekkur: Dagsferð til Dalvíkur – Hríseyjar.
6. bekkur: Dagsferð til Akureyrar.

7. bekkur: Skólabúðir að Reykjum (5 d.). Vorferðalag um Suðurland (3 d.)
8. bekkur: Oftast dagsferð á Norðurlandi. Í ár var farið til Akureyrar.
9. bekkur: Vorferð með gistinótt, að þessu sinni var farið í óvissuferð innan héraðs.
10. bekkur: Skólaferðalag/nemendasamskipti, sl. 17 ár til Danmerkur og einnig Svíþjóðar sl. 13 ár.

SAMSTARF

SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA

FORELDRAFÉLAG.

Við skólann starfar foreldrafélag sem er skipað fulltrúum foreldra. Félagið hefur m.a. staðið fyrir fyrirlestrum um skóla- og uppeldismál ásamt ýmsum viðburðum á vegum skólans og í samstarfi við kennara.

Í hverjum árgangi eru tveir til fjórir foreldrar tengiliðir. Þeir funda með umsjónarkennurum nokkrum sinnum á skólaárinu og aðstoða við félagsstarf í sínum bekk. Umsjónarkennarar hafa samband við tengiliði þegar þeir vænta þátttöku foreldra í skólastarfinu en jafnframt hafa tengiliðir frumkvæði að samstarfi. Foreldrafélagið hefur m.a. staðið fyrir vinahringjum í yngri bekkjum.

FORELDRASAMSTARF.

Nauðsynlegt er að leggja rækt við samvinnu skóla og heimila og auka þátt foreldra í skólastarfinu og reynir skólinn að leggja sitt af mörkum til að svo megi verða. Að hausti boða umsjónarkennarar hvers árgangs foreldra til sín og kynna þeim námsefni vetrarins, áætlanir viðkomandi árgangs og skólastarf vetrarins. Foreldrum gefst einnig tækifæri til að hitta stjórnendur og koma með fyrirspurnir.



Skólinn stendur fyrir sérstöku fræðslunámskeiði fyrir foreldra 1. bekkinga að hausti, sem mælst hefur mjög vel fyrir. Þar er skólastarfið kynnt rækilega, stoðkerfið, sálfræðiþjónusta skólans og starfsemi fræðsluþjónustu.

Í 5. bekk er haldinn fræðslufundur fyrir foreldra þar sem fjallað er sérstaklega um sameiginleg viðmið og gildi í uppeldi barna auk þess sem Olweusaráætlunin er kynnt. Einnig hefur verið fjallað um netnotkun barna og þær hættur sem ber að varast.

Í 8. bekk hefur einnig í nokkur ár verið haldinn fræðslufundur fyrir foreldra að hausti. Er hann gjarnan haldinn í tengslum við *Maritafraeðslu* á unglingastigi. Á fundinum eru foreldrum kynntar breyttar áherslur í námi og starfi þegar komið er á unglingastig auk þess sem haldinn er fyrirlestur um netnotkun unglunga og hættur í netheimum. Olweusaráætlunin er einnig ítrekuð á þessum fundi.

Kennarar 1. bekkjar kalla foreldra og börn inn í sérstök viðtöl við upphaf skólagöngu. Haldnir eru kynningarfundir að vori fyrir foreldra verðandi 9. og 10. bekkinga vegna valgreina og auk þess er bæklingur um námsval fyrir næsta skólaár birtur á vef skólans. Fundað er sérstaklega með foreldrum 10. bekkinga og nemendum sjálfum þar sem inntökuskilyrði og námsframboð Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra er kynnt. Hjá náms- og starfsráðgjafa Árskóla geta nemendur nálgast upplýsingar um aðra framhaldsskóla.

Kennarar eru hvattir til þess að hafa samband að fyrra bragði við foreldra vegna allra tilvika sem upp geta komið í skólastarfinu og snerta nemendur. Þetta á bæði við um þegar vel gengur og eins þegar eitthvað bjátar á og finna þarf leiðir til að leysa úr verkefnum. Oft er leitað til foreldra eftir aðstoð við skólastarfið, t.d. við undirbúning jóla- og bekkjarskemmtana, vegna ferðalaga og vettvangsferða.



TENGLI VIÐ LEIKSKÓLA

Sífelld er unnið að auknum tengslum við leikskólann Ársali með sameiginlegum fundum og gagnkvæmum heimsóknum nemenda, sérstaklega yngstu nemendanna. Deildarstjóri og kennarar yngsta stigs Árskóla halda reglulega fundi með leikskólastjóra og kennurum í Ársölum þar sem samstarfið er skipulagt. Starfsmenn skólanna hafa m.a. leitað leiða til að auðvelda flutning nemenda úr leikskóla í grunnskóla, sótt sameiginlegt námskeið og samræmt kennsluáferðir að hluta. Skólarnir hafa haft kennaraskipti tvisvar sinnum á þessu skólaári, tvo daga í senn. Hefð er að myndast fyrir því að deildarstjóri yngsta stigs og verðandi kennarar 1. bekkjar verði viðstaddir skólaslit í Ársölum að vori og leikskólakennarar úr Ársölum starfi í Árskóla fyrsta skólalag 1. bekkjar að hausti.

Skipulag samstarfs við leikskólann Ársali á þessu skólaári var eftirfarandi:

Ágúst:

- 26. Fyrsti skólalagur 1. bekkjar. Leikskólakennari frá Ársölum vann í Árskóla.
- 28. Skipulagsfundur starfsmanna.

September:

- 1., 15. og 22. Heimsókn skólahóps á skólasafn Árskóla, 10 nemendur í senn.
- 24. Heimsókn skólahóps í kennslustund í 1. bekk, 10 nemendur í senn.

Október:

- 1. og 29. Heimsókn skólahóps í kennslustund í 1. bekk, 10 nemendur í senn.
- 10. Heimsókn skólahóps á maraþon hjá 10. bekk.
- 31. Heimsókn 1. bekkjar í Ársali í vinastund. Leikur úti og inni

Kennaraskipti:

- 23. Kennari frá Árskóla starfaði í Ársölum og leikskólakennari frá Ársölum í Árskóla.
- 27. Kennari frá Árskóla starfaði í Ársölum og leikskólakennari frá Ársölum í Árskóla.

Nóvember:

- 11. Heimsókn 1. bekkjar í Ársali. Útivera.
- 17. 7. bekkur heimsótti skólahóp og las fyrir leikskólanemendur í tilefni af *Degi íslenskrar tungu* (Sá dagur, 16. nóv. bar upp á helgi).
- 29. Friðarganga. Skólahópur fylgdist með friðargöngu Árskóla og þáði kakó og piparkökur á skólalóð.

Desember:

- 11. Lúsíudagur í Árskóla. 6. bekkur Árskóla heimsótti Ársali á Lúsíudaginn.

Janúar:

- 7. Skipulagsfundur starfsmanna
- 14., 21. og 28.: Nemendur Ársala komu í tölvutíma með 3. bekk. 10 nemendur í senn.
- 29. 2. bekkur fór í Árskóla kl. 9:00 – 11:00 til að leika úti og inni.

Febrúar:

5., 9. og 12. Skólahópur fór í íþróttatíma með 1. bekk Árskóla. 10 nemendur í senn.

Mars:

11., 18. og 25. Skólahópur fór í tónmenntatíma með 1. bekk. 10 nemendur í senn.

Kennaraskipti:

16. Kennari frá Árskóla starfaði í Ársölum og leikskólakennari frá Ársölum í Árskóla.

19. Kennari frá Árskóla starfaði í Ársölum og leikskólakennari frá Ársölum í Árskóla.

10. bekkingar heimsóttu Ársali og kynntu árhátíðarleikrit sitt.

Apríl:

21. 1. bekkur fór í Ársali og las fyrir skólahóp.

Mái:

4. 4. bekkur fór á myndlistarsýningu í Ársölum og lék við nemendur Ársala úti.

10. Skólahópur heimsótti Árvist og lék á skólalóð Ársala.

28. Útskrift skólahóps Ársala. Deildarstjóri yngsta stigs og kennari 1. bekkjar á næsta skólaári voru viðstaddir.

Skilafundur vegna verðandi 1. bekkinga með sérparfir er haldinn í maí ár hvert. Þann fund sitja deildarstjóri og þroskaþjálfari í skólahópi, deildarstjóri yngsta stigs Árskóla, deildarstjóri stoðkerfis Árskóla, verðandi kennari 1. bekkjar Árskóla og foreldrar viðkomandi barns.

Skilafundur vegna annarra verðandi 1. bekkinga er yfirleitt haldinn um miðjan ágúst. Þann fund sitja að öllu jöfnu deildarstjórar skólahóps, deildarstjóri yngsta stigs Árskóla og umsjónarkennarar 1. bekkjar.

TENGLI VIÐ FRAMHALDSSKÓLA

Gott samstarf er við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Fulltrúar frá FNV koma árlega í heimsókn og kynna nemendum í 10. bekk framhaldsnám og haldinn var fundur með foreldrum og nemendum um sama mál. Nemendur í 10. bekk heimsóttu einnig FNV og kynntu sér skólasterfið nánar.

Síðastliðin tíu ár hefur Árskóli, í samstarfi við FNV, boðið upp á valgrein þar sem nemendur í 9. og 10. bekk Árskóla hafa sótt tíma í verklegum greinum á iðnbrautum eins og málm-, raf- og tréiðnum í FNV og hafa nemendur fengið það nám metið til eininga. Í

vetur voru gerðar þær breytingar að kynning á iðngreinum var kennd í námskeiðsformi. Nemendur í 9. bekk voru tvo heila daga í byrjun maí á námskeiði í FNV.

Árskóli hefur einnig verið í samstarfi við Hólaskóla níu síðastliðna vetur, þar sem 8. og 9. bekkjum var boðið upp á valgreininna hestamennsku, bóklega og verklega, undir leiðsögn kennaranema (æfingakennsla) á leiðbeinendastigi. Er þarna um vikunámskeið að ræða og hefur þetta samstarf skólanna tekist afar vel. Átján 8. bekkjar og einn 9. bekkur tóku þátt í námskeiðinu í vetur og voru nemendur afar ánægðir með þátttökuna.

Einn nemandi lauk námsmarkmiðum 10. bekkjar í stærðfræði vorið 2014 og fjórir í stærðfræði, þrjú í dönsku og 5 í ensku um áramót og gafst þessum nemendum kostur á að taka einingabært nám í FNV í þessum námsgreinum. Sækja þarf formlega um á sérstökum eyðublöðum á vef skólans ef nemendur vilja flýta námi sínu og er umsóknin tekin til umfjöllunar af stjórnendum og kennurum í viðkomandi námsgrein og niðurstaðan kynnt nemendum og foreldrum á fundi í skólanum.

TENGLI VIÐ ERLENDA SKÓLA

Skólinn hefur undanfarin ár átt í samstarfi við skóla í Køge í Danmörku, aðallega Højelse skole. Þessi samskipti hafa einkenst af gagnkvæmum heimsóknum og tölvusamskiptum nemenda og kennara. Í lok september heimsóttu nemendur úr Højelse skole Árskóla. Í maí fór 10. bekkur í skólaferðalag til Danmerkur og Svíþjóðar og heimsótti þá Højelse skole.

Undanfarin ár hefur Árskóli verið í skólasamstarfi við önnur Evrópulönd og hefur samstarfið hlotið Comeniusarstyrk. Í vetur, skólaárið 2014-2015, hefur Árskóli tekið þátt í einu Comeniusarverkefni sem byggir á samstarfi fjölmargra Evrópulanda. Verkefninu eru gerð skil í sérstökum kafla um Comeniusarverkefni.



Árskóli hefur einnig á sl. 15 árum átt í góðum tengslum við Balwearie High School í Kirkaldy í Skotlandi og sótt þangað fræðslu á sviði sjálfsmats skóla auk gagnkvæmra heimsókna í tengslum við þróun sjálfsmats og aðra fræðslu.

SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF

Samræmd könnunarpróf eru lögð fyrir að hausti í öllum grunnskólum landsins í 4., 7. og 10. bekk og eiga að meta kunnáttu og færni í íslensku og stærðfræði í öllum árgöngunum og auk þess í ensku í 10. bekk.

Tilgangur prófanna er eftirfarandi:

- að athuga eftir því sem kostur er að hvaða marki námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein eða námsþáttum hafi verið náð
- að vera leiðbeinandi um áherslur í kennslu fyrir einstaka nemendur
- að veita nemendum, foreldrum og skólum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda
- veita upplýsingar um hvernig skólar standa í þeim námsgreinum sem prófað er úr, miðað við aðra skóla landsins

Hér að neðan má sjá niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk í Árskóla haustið 2014.

Normaldreifðar einkunnir á kvarðanum 0 - 60. Meðaltal 30. Til samanburðar eru niðurstöður samræmdra prófa síðustu 5 ár.

4. og 7. bekkur	Síðustu 7 ár		Haust 2014		
	Árskóli	Kjörd. Landið	Árskóli	Kjörd.	Landið
4. bekkur íslenska	29,6	- 30	27,1	27,4	30
4. bekkur stærðfræði	29,0	- 30	28,0	27,6	30
7. bekkur íslenska	31,0	- 30	28,1	28,5	30
7. bekkur stærðfræði	29,6	- 30	26,5	25,9	30



10. bekkur	Síðustu 5 ár			Haust 2014		
	Árskóli	Kjörd.	Landið	Árskóli	Kjörd.	Landið
Íslenska	29,3	-	30	24,2	28,3	30
Stærðfræði	29,4	-	30	26,10	27,5	30
Enska	27,62	-	30	25,70	27,0	30

Varðandi þennan samanburð ber að hafa í huga að þátttaka nemenda í Árskóla er nánast 100% í öllum samræmdum prófum. Sú er ekki raunin á landsvísu.

VALGREINAR

Í 1. – 8. bekk eru þær stundir sem skólinn hefur til ráðstöfunar nýttar í viðbótartíma í íslensku, stærðfræði og lífsleikni. Í 8. – 10. bekk er 1 kennslustund í lífsleikni hjá lífsleiknikennara og 1 umsjónartími hjá umsjónarkennara, þar sem m.a. eru haldnir bekkjarfundir skv. Olweusi. Auk þess er 10 mínútna umsjónartími á hverjum morgni.

Í 8. bekk geta nemendur valið sér námsgrein í 2 stundir á viku. Boðið var upp á námsgreinarnar leiklist, ljósmyndun, fablab, útivist og heimabyggðin mín í vetur. Í 9. – 10. bekk er boðið upp á val nemenda og er fjölbreytni mikil. Síðastliðin tvö ár hefur skólinn boðið nemendum að fá íþróttæfingar hjá íþróttafélagi, t.d. fótbolta, körfubolta og frjálssar íþróttir metnar sem valgrein samkvæmt ákveðnum reglum sem skólinn setur og í vetur voru 30 nemendur sem nýttu sér það. Gerður er samningur sem sjá má í fylgiskjöllum. Einnig geta nemendur fengið fullt nám í Tónlistarskóla metið sem valgrein og nýttu 6 nemendur sér það. Sýnishorn af námsvali nemenda í 8. - 10. bekk fyrir skólaárið 2015 – 2016 er í kaflanum fylgiskjöl.

SKÓLASAFN

Í október 2013 var opnað nýtt og glæsilegt skólabókasafn við Árskóla. Þar eru 9 nemendatölvur og góð vinnuaðstaða fyrir fámenna hópa. Góður aðgangur er að



tölvustofum þar sem 24 nemendatölvur eru í annarri og 13 í hinni. Hægt er að vera með einn árgang í vinnu á svæðinu ef svo ber undir. Móðurtölvan fyrir spjaldtölvur og geymsla fyrir þær er á safninu. Bókakostur safnsins er ágætur og nokkuð fjölbreyttur þó fjárveitingar til safnsins mættu vera ríflegri. Safnkennsla er fastur liður í 1. - 7. bekk. Allir nemendur nýttu sér bókakostinn fyrir frjálsan lestur. Safnið var nýtt fyrir vinnu í flestum námsgreinum á mið- og unglingsstigi. Kynning á nýjum bókum fyrir jólin fór fram á safninu og „bangsadagur“ var haldinn hátíðlegur hjá 1. - 6. bekk. Í mars var stofnaður „Drekaklúbbur“ sem er lestrarhvatningarverkefni. Mæltist það mjög vel fyrir, sérstaklega hjá 2. – 5. bekk. Jukust útlán á bókum mikið eins og sést á útlánatölum fyrir skólaárið. Sl. haust var byrjað að tengja bækur safnsins við Gegni, landskerfi bókasafna. Þar sem það er hliðarverkefni við starfsemi safnsins gengur tengingin mjög hægt. Reynt verður á næsta skólaári að hafa útlán safnsins eingöngu í gegnum Gegni.

Útlán safnsins síðustu 4 skólaár (útlán 1. – 3. bekkjar ekki meðtalin):

2011 – 2012	3611
2012 – 2013	3139
Skráning frá okt. til maí.	
2013 - 2014	2854
Skráning frá sept. til maí.	
2014- 2015	6178

1. bekkur er ekki meðtalin þar sem bækur voru staðsettar í stofunni þeirra og skipt var út reglulega.

TÖLVU - OG UPPLÝSINGATÆKNI

TÆKJABÚNAÐUR

Eins og Aðalnámskrá grunnskóla gerir ráð fyrir þarf að þjálfa hvern nemanda markvisst í upplýsinga- og miðlalæsi alla skólagönguna. Samhliða nýtingu upplýsinga- og samskiptatækni á Netinu er nauðsynlegt að nemendur þekki helstu reglur um örugg samskipti á stafrænum miðlum, höfundarétt, læri að virða siðferði í meðferð upplýsinga



og heimilda og sýni víðtæka hæfni í notkun tækni og miðlunar. Til þess að svo megi verða þarf tækjabúnaður skólans að vera í takt við tímann. Tölvur eru í öllum kennslustofum og auk þess tvö tölvuver, annað með 24 tölvum og hitt með 13 tölvum. Auk þess eru 9 tölvur á skólasafni. Tölvuumsjónarmaður sveitarfélagsins sinnir tækjabúnaði skólans og tæknilegum vandamálum.

Haustið 2012 voru gerðar breytingar á hýsingu tölvugagna í skólanum. Hýsing varð miðlæg á vegum Tengils ehf. og gaf sú ráðstöfun starfsmönnum kost á að nálgast gögnin sín gegnum vefinn hvaðan sem er. Nokkur tæknileg vandamál fylgdu þó þessari hýsingu, en unnið var að úrbótum í samráði við Tengil ehf. og í vetur hefur þetta gengið betur.

Sá tölvubúnaður sem skólinn hefur til afnota og er í eigu Tengils ehf., er farinn að eldast og kominn á tíma. Sumt af búnaðinum er frá 2004 og nokkur endurnýjun fór fram 2009 þegar Tengill ehf. yfirtók tölvukaupasamning skólans við Nýherja. Við þá breytingu var endurnýjað það allra nauðsynlegasta af tölvubúnaði skólans og nýir skjávarpar voru settir upp í kennslustofum. Með aukinni notkun upplýsingatækni í kennslu og mikilli aukningu námsefnis á vef hefur skapast mikil þörf fyrir skjávarpa í stofum. Eins og staðan er í dag eru skjávarpar í tölvustofum og öllum almennum kennslustofum, en tölvubúnaður er almennt kominn til ára sinna og þörf er á endurnýjun búnaðar.

Síðastliðinn vetur var tekin sú ákvörðun að endurnýja tölvubúnaðinn í fjórum áföngum. Í fyrsta áfanga sl. vetur voru allar kennaratölvur í stofum endurnýjaðar og tölvur í stjórnunarálmu og tölvurnar í stóra tölvuverinu voru endurnýjaðar sumarið eftir. Samtals voru þetta 35 borðvélar og 26 box. Auk þess tölvubúnaðar sem hér er nefndur á skólinn 25 iPad spjaldtölvur sem fengust með styrk úr Þróunarsjóði grunnskóla haustið 2012 og eru þær nýttar í kennslu.

ÞRÓUNARVERKEFNI Í UPPLÝSINGATÆKNI


Haustið 2014 fór af stað verkefni í breytingu kennsluhátta þar sem þjálfun starfsmanna, fagleg umræða, iPad spjaldtölvur og fartölvur spila stórt hlutverk. Í upplýsingasamfélagi

21. aldarinnar hættir nám ekki um leið og skólabjallan hringir í lok dags heldur geta nemendur nú lært það sem þeir vilja, þegar þeir vilja, ef þeir hafa til þess tæki og hafa lært að nýta þau sér til gagns, upplýsingaöflunar og -miðlunar.

Samkvæmt áætlun skólans er gert ráð fyrir að allir nemendur í 1. - 4. bekk hafi aðgang að tækjum í skólastofunni sinni og að nemendur frá 5. - 10. bekk hafi sitt eigið tæki í skólanum til þess að einstaklingsmiða að sínum þörfum. Þetta verður gert í áföngum og er stefnan sett á að innleiðingu á spjaltdölvum til allra nemenda og starfsmanna skólans sé náð skólaárið 2018-19.

Verkefnið hófst á skólaárinu 2014-15 með því að 10 iPad spjaltdölvur voru færðar í árgang 2006 (3. bekk) þar sem $\frac{1}{4}$ af árganginum hafði aðgang að tæki í einu. Þar var unnið með ýmis smáforrit (öpp) og fjölbreyttar leiðir í náminu þróaðar. Á sama tíma hófst innleiðing á spjaltdölvum í 8. bekk (árgang 2001) þar sem foreldrar keyptu tækin með niðurgreiðslu með aðstoð frá Kaupfélagi Skagfirðinga og Verslunarmannafélagi Skagafjarðar sem styrktu þetta verkefni.

Með innkomu tækja í skólastofuna varð um leið töluverð breyting á því hvernig vinna nemenda fór fram. Lagt var upp með að nýta tækin sem námstæki og koma þeim það vel inn í námsgreinarnar að minni hættu yrði á því að þau yrðu notuð sem leiktæki og „verðlaun“ fyrir þá nemendur sem ynnu hraðar en aðrir. Í samfélagsfræði og náttúrufræði var mikið stuðst við Nearpod forritið sem gefur kost á að nýta gangvirkt efni í stað glærुकynninga í kennslustundum. Forritið nýtist



einnig vel til námsmats í stað hefðbundinna prófa eins og áður var. Miklar breytingar urðu einnig í stærðfræðinni þar sem hægt var að setja inn kennslumyndbönd sem nemendur gátu nálgast hvar og hvenær sem er í stað þess að bíða eftir kennaranum til að útskýra námsefnið. Tungumálakennarar gátu nýtt sér rafrænar orðabækur og fjölbreytta leiki/verkefni á rafrænu formi. Íslenskan fékk líka innspýtingu, sérstaklega í

rituninni þar sem mun auðveldara er að láta nemendur skila og vinna að sameiginlegum verkefnum þegar unnið er í Google Apps.

Ný vinnubrögð hafa rutt sér til rúms í kennslustofunni og áherslan hefur farið frá kennaranum yfir á nemandann og hans vinnubrögð. Hefur þetta skilað margvíslegum árangri og hefur árangur, t.d. í stærðfræði, aukist til muna. Virkni nemenda í tímum hefur margfaldast og áhugi aukist. Hópavinna nemenda hefur aukist með tilkomu tækninnar og hafa nemendur öðlast aukna færni í að vinna saman og komast að sameiginlegri niðurstöðu. Þetta hefur þroskað þá í samskiptum og tillitssemi. Áhugi og viðhorf nemenda til náms og skólans hafa tekið stakkaskiptum til hins betra.



Á næsta skólaári er gert ráð fyrir áframhaldandi þróun kennsluhátta með auknum tækjabúnaði. Gert er ráð fyrir að þróa heildstætt kennsluefni í stærðfræði þar sem kennslumyndbönd blandast texta og myndum til að halda utan um námið í efstu bekkjum grunnskólans, sem ætti að nýtast inn í framhaldsskólann. Í íslensku er fyrirhugað að nemendur vinni í auknari mæli að heildstæðari verkefnum sem skilað yrði á rafrænum vinnubókum sem foreldrar hefðu aðgang að til að gera námið merkingarbærara. Nýting tækninnar í samfélagsfræði og náttúrufræði yrði með svipuðu sniði og aukið við tengingu námsefnis við umheiminn með margvíslegum hætti, t.d. með því að fá viðtöl við



fræðimenn í gegnum Google Hangouts. Tungumálakennsla myndi færast í þá átt að nýta sér möguleikann á að nemendur hafi meira val um þann texta sem hver og einn les til að stíla inn á áhugasvið hvers og eins ásamt því að fjölga námsleikjum til að auka skilning og orðaforða. Einnig er hugmynd um að nýta sér tungumálasmafforrit (öpp), eins og Duolingo, til þess að auka fjölbreytileikann í náminu. Auk þess er stefnt að því að kenna nemendum að skipuleggja sig og kenna þeim m.a. að nota algengustu skipulagsforrit eins og Evernote og dagatöl til að halda utan um nám sitt.

Mikil ánægja er meðal nemenda, foreldra og kennara árgangs 2001 með hvernig verkefnið hefur farið af stað og spenna fyrir áframhaldandi þróun kennsluhátta. Verkefnið hefur haft mjög jákvæð áhrif á nám nemenda.

MAT Á SKÓLASTARFI – SJÁLFSMAT SKÓLA

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri. Skólanámskráin er lögð til grundvallar í öllu mati skólans, en hún er sá faglegi grundvöllur sem skólastarfið byggir á. Þar eru markmið skólastarfsins sett. Markviss endurmenntunar- og þróunaráætlun er síðan unnin út frá niðurstöðum matsins.

Skólinn byggir sjálfsmat sitt á Gæðagreininum. Sjálfsmatlíkan þetta er skoskt að uppruna og byggir á áralangri þróun. Skólaskrifstofa Skagfirðinga gekkst fyrir þýðingu á efninu árið 1999 og hefur það í framhaldi af því verið notað í grunnskólunum í Skagafirði og víðar um land. Sjálfsmat skólans er í stöðugri endurskoðun og starfsfólk skólans er



orðið vel þjálfað í innra mati á skólstarfinu. Skólaárið 2009-2010 var unnið að þýðingu á nýrri útgáfu gæðagreinanna og lauk þeirri vinnu vorið 2010. Unnið hefur verið að sjálfsmati út frá nýju útgáfunni frá árinu 2009, fyrsta árið var reynslutími, en frá og með skólaárinu 2010-2011 hefur skólinn alfarið notað nýju útgáfuna við sjálfsmatsvinnu ásamt þeim gæðagreinum sem starfsfólk skólans hefur búið til. Sjálfsmatskýrsla skólans vorið 2015 verður birt á heimasíðu skólans og má þar sjá ítarlega umfjöllun um sjálfsmat skólans og niðurstöður þess skólaárið 2014-2015.

Á vefsíðu Árskóla má nálgast allt efni um Gæðagreinana á slóðinni:
http://www.skagafjordur.is/default.asp?cat_id=5294

ENDURMENNTUN

FRÆÐSLA INNAN SKÓLANS

Innleiðingu á verkefni um *Byrjendalæsi* hefur verið fylgt eftir á skólaárinu. Skólaliðar og stuðningsfulltrúar fengu fræðslu um *starfsanda* hjá náms- og starfsráðgjafa á skólaárinu. Skipulagsdagur allra starfsmanna var haldinn í mars. Þar var bæði fræðsla og verkefnavinna á dagskrá. Deildarstjóri sérkennslu og náms- og starfsráðgjafi skólans fræddu um *lesblindu og námsaðferðir*. Deildarstjóri unglíngastígs kynnti *forvarnaráætlun skólans*. Auk þess unnu kennarar og stuðningsfulltrúar í teyimum verkefni um teymisvinnu/teymiskennslu og aðrir starfsmenn lögðu drög að nýjum gæðagreini um *fagmennsku í starfi sínu*.

Upplýsinga- og tæknimenntateymi hefur staðið fyrir *faglegum fimmtudögum* á skólaárinu þar sem ýmis viðfangsefni skólans hafa verið kynnt og rædd. Einnig stóð teymið fyrir *menntabúðum* í samstarfi við FNV þar sem tækninýjungar og notkun þeirra í skólstarfinu voru í brennidepli.



Ingvar Sigurgeirsson prófessor og Svanhildur María Ólafsdóttir formaður Sí komu í heimsókn og héldu fyrirlestra um *teymisvinnu/teymiskennslu*. Jafnframt kom til okkar Aðalheiður Sigurðardóttir sem fræddi alla starfsmenn skólans um *einhverfu*. Aðalheiður er í forsvari fyrir verkefnið *Ég er unik*.

RÁÐSTEFNUR, NÁMSFERÐIR OG NÁMSKEIÐ UTAN SKÓLANS

Fjórir starfsmenn Árskóla sóttu *BETT* ráðstefnu í London í janúar sl., þetta voru fulltrúar í nýju upplýsinga- og tæknimenntateymi skólans. Tveir kennarar sóttu ráðstefnu í Noregi um *Vinaliðaverkefnið*, en þeir sjá um útbreiðslu Vinaliðaverkefnisins á landsvísu sem fulltrúar Árskóla sem er móðurskóli þessa norska verkefnis hér á landi. Einn kennari skólans sótti alþjóðlega ráðstefnu í Glasgow í Skotlandi um *söguaðferðina* í mars. Tveir kennarar sóttu árlega *sérkennsluráðstefnu* sem haldin var í London í október.

Starfsmenn skólans hafa einnig sótt ýmis námskeið og ráðstefnur hér á landi á skólaárinu. Þess má einnig geta að þrír starfsmenn skólans stunda nú meistaranám, við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri.

FRÆÐSLUDAGUR

Allt starfsfólk Árskóla tók þátt í fræðsludegi leik-, grunn- og tónlistarskóla sem haldinn var og skipulagður af Fræðsluþjónustu Skagfirðinga þann 18. ágúst í Miðgarði, Varmahlíð. Þetta var í fimmta sinn sem boðað er til slíks fræðsludags á vegum Fræðsluþjónustunnar. Dagskrá fræðsludagsins þetta árið samanstóð af nokkrum fræðsluerindum og málstofum. Herdís Á. Sæmundardóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs setti fræðsludaginn og kynnti dagskrána. Elín Hoe Hinriksdóttir sérkennsluráðgjafi hjá ADHD samtökunum hélt erindi um *hvernig á að kljást við ADHD í leik og starfi*. Gylfi Jón Gylfason þáverandi fræðslustjóri í Reykjanesbæ hélt erindi um *fram tíðarsýn Reykjanesbæjar í menntamálum*. Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir, deildarstjóri við Grunnskólann austan Vatna hélt erindi um meistaraverkefni sitt *Vörður á leið til læsis*. Ingvi Hrannar Ómarsson kennsluráðgjafi í

upplýsinga- og tæknimennt hélt erindi um *skólastarf í takt við tækniþróun*. Eftir hádegið var boðið upp á ýmsar málstofur um skólamá. Þær voru eftirfarandi:

- Skólastarf í takt við tækniþróun. Ingvi Hrannar Ómarsson kennsluráðgjafi
- Tónlistarforskóli. Sigurlína Jónsdóttir, kennari Brekkuskóla, Akureyri
- Skimanir í skólum Skagafjarðar. Anna Steinunn Friðriksdóttir, Sara Regína Valdimarsdóttir, Lína Dögg Halldórsdóttir, sérkennarar og Ingibjörg Huld Þórðardóttir, talmeinafræðingur
- Cat- kassinn. Ragnheiður Rögnvaldsdóttir, Sigríður Margrét Ingimarsdóttir og Ragnheiður Ásta Jóhannsdóttir, þroskaþjálfar
- ART. Selma Barðdal, uppeldis- og sálfræðiráðgjafi og Margrét Björk Arnardóttir, náms- og starfsráðgjafi
- Læsi í leikskólum. Anna Árnína Stefánsdóttir, Anna Jóna Guðmundsdóttir og Steinunn Arnljótsdóttir, leikskólastjórar
- ADHD - málstofa. Elín Hoe Hinriksdóttir sérkennsluráðgjafi hjá ADHD samtökunum

PRÓUNARVERKEFNI – NÝBREYTNISTARF

VINALIÐAVERKEFNIÐ

Skólaárið 2012-13 hóf Árskóli þátttöku í norsku verkefni, *Trivselsprogrammet* eða Vinaliðaverkefninu, ásamt öðrum skólum í Skagafirði. Er það liður í viðleitni skólanna til að hvetja nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu og almennri hreyfingu í frímínútum og skapa um leið betri skólaanda.

Í Vinaliðaverkefninu setja ákveðnir nemendur, Vinaliðar, upp leiki og afþreyingu í frímínútum fyrir skólafélaga sína. Vinaliðarnir eru valdir af bekkjarfélögum og er hlutverk þeirra, auk þess að sjá um leikina, að fylgjast með yngri nemendum, veita þeim athygli sem eru einir og láta vita ef þeir verða varir við útilokun, einelti eða annað sem valdið getur nemendum vanlíðan.



Í vetur hefur Árskóli verið móðurskóli fyrir Vinaliðaverkefnið á landsvísu og aðstoðað aðra skóla við innleiðingu þess. Þegar nýtt Vinaliðaár gekk í garð í september síðastliðinn voru 19 skólar þátttakendur. Haustið gekk vel og þjónustan við skólana gekk samkvæmt áætlun. Í október komst Árskóli að samkomulagi við norska eigendur verkefnisins um að yfirtaka rekstur þess hér á Íslandi og borga leigu fyrir það. Í lok október var svo samningur undirritaður í húsakynnum ÍSí. Við það tilefni var haldin örráðstefna þar sem fulltrúum allra skóla á landinu var boðið að koma og kynna sér verkefnið.

Í kjölfar ráðstefnunnar fékk verkefnið styrk frá Eimskip að upphæð 500.000.- kr. Styrkurinn var notaður til að niðurgreiða árgjald um 100.000.-kr. fyrir fimm fyrstu skólana sem skráðu sig. Kynningarferð var farin um Vesturland, það er Snæfellsnes, Akranes og Suðurnes. Ferðin skilaði fimm nýjum skólum sem gengu til liðs við verkefnið í vor.

Þjónustan við skólana gekk einnig vel í vor nema erfiðlega gekk að komast til Ísafjarðar vegna veðurs. Í apríl var þjónusta við alla skóla lokið og innleiðing nýju skólanna hófst. Sú vinna gekk einnig vel og nú í lok skólaárs eru 24 skólar þátttakendur að verkefninu. Að auki bíða 6 skólar haustsins til að fá innleiðingu.

Í byrjun maí var öllum verkefnastjórum verkefnisins á Íslandi boðið í Skagafjörðinn til skrafs og ráðagerða. Heimsóknin tókst vel og ráðgert er að endurtaka leikinn að ári.

BYRJENDALÆSI

Byrjendalæsi er sú kennsluaðferð sem Árskóli leggur til grundvallar í lestrarkennslu á yngsta stigi. Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð í læsi ætluð yngstu nemendunum og tók innleiðingarferlið tvö ár undir handleiðslu Miðstöðvar skólapróunar Háskólans á Akureyri. Því formlega samstarfi lauk vorið 2012. Nú leiða tveir leiðtogar verkefnið heima í héraði, þær Anna Steinunn Friðriksdóttir deildarstjóri sérkennslu í Árskóla og Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir kennari á Hólum. Í Byrjendalæsi er unnið með lestur, ritun, tal og



hlustun á heildstæðan hátt og lögð áhersla á orðaforða og lesskilning. Viðfangsefni eru sótt í merkingarbæran texta og þá gjarnan í barnabækur. Mikið er lagt upp úr samvinnu nemenda og einstaklingsmiðun í kennslu. Segja má að Byrjendalæsi leiði af sér bæði fjölbreytni í læsisaðferðum og kennsluháttum. Einn kennari frá Árskóla útskrifaðist nú í vor sem byrjendalæsis kennari og væntanlega tveir til viðbótar næsta vor og hafa nú tólf kennarar lokið náminu. Í framtíðinni er vænst skuldbindingar að hálfu nýrra kennara á yngsta stigi við aðferðina þannig að þeir fara í gegnum tveggja ára nám sem felst í fræðslu um aðferðina og ráðgjöf þar að lútandi frá leiðtogum. Þó formlega sé þróunarverkefninu lokið er það rétt að byrja í skólanum því nú hefst sá tími þar sem vinnubrögðin þarf að festa varanlega í sessi í skólastarfi yngstu nemenda Árskóla. Jákvæðni og ánægja, bæði hjá kennurum og nemendum, með þessi nýju vinnubrögð hafa einkennt þetta verkefni þannig að óhætt er að segja að vel hafi tekist til og að útlitið sé bjart með framhald þess.

OLWEUS

Árskóli hefur tekið þátt í áætlun Olweusar gegn einelti allt frá árinu 2002. Helga Harðardóttir er verkefnastjóri Olweusaráætlunarinnar í Skagafirði og var Margrét Björk Arnardóttir oddviti lykilmannateymis skólans líkt og á síðasta skólaári. Lykilmenn voru auk hennar: Alfreð Guðmundsson, Edda María Valgarðsdóttir, Einarína Einarsdóttir, Gestur Sigurjónsson, Ólöf Pétursdóttir, Sigurður Arnar Björnsson og Þórunn Ingvadóttir. Oddviti sótti tvo sameiginlega oddvitafundi í Skagafirði og einn verkefnastjórafund sem haldinn var í Reykjavík. Oddvitarnir í Skagafirði hafa komið sér saman um að hafa samráð um þau mál sem snerta alla skólana. Má hér nefna fræðslu fyrir nýja starfsmenn, en sameiginlegt námskeið fyrir alla grunnskólana í Skagafirði var haldið í september sl. á Sauðárkróki. Samkvæmt Olweusaráætluninni er gert ráð fyrir að á hverju skólaári sé farið í upprifjun á helstu þáttum áætlunarinnar og var það gert á starfsmannafundi í september.



Umræðufundir starfsfólks og fræðslufundir voru með hefðbundnu sniði í vetur þar sem m.a. var rætt um eftirlitskerfið, hlutverk og þátttöku foreldra í eineltisáætluninni og hvað betur megi fara til að efla Olweusarstarfið í skólanum enn frekar. Olweusardagurinn var haldinn í nóvember í tengslum við Baráttudag gegn einelti og var að þessu sinni lögð áhersla á að vinabekkir hittust og hefðu gaman saman. Allir árgangar unnu með Klípusöguspilið en markmið þess er tvíþætt; annarsvegar að efla lausnamiðaða samræðu meðal barna og hins vegar að gera þau meðvitaðri um ábyrgð sína og tækifæri til að skapa vinsamlegt samfélag í skólanum eða í frístundastarfi. Tengslakannanir voru lagðar fyrir í flestum bekkjum einu sinni á önn og á þessu skólaári voru einnig lagðar fyrir örkannanir um einelti í nokkrum árgöngum.

Olweusarkönnunin var lögð fyrir í nóvember sl. og niðurstöður kynntar og ræddar á umræðufundi í janúar. Niðurstöðurnar voru einnig kynntar í 5 - 10. bekk og á heimasíðu skólans. Í könnuninni eru skoðaðir þættir eins og viðbrögð í eineltisaðstæðum, afstaða nemenda til eineltis, túlkun nemenda á ýmsum þáttum, líðan þeirra og viðhorf. Helstu niðurstöður í ár eru þær að einelti mælist minna á þessu skólaári en því síðasta, en þess ber að geta að árið 2011 voru niðurstöður í sögulegu lágmarki og er árangurinn á þessu ári betri en þá. Einelti mælist nú 2,1% meðal nemenda í 5. – 10. bekk í Árskóla en landsmeðaltal var 4,8%. Til samanburðar mældist einelti meðal nemenda í 5. - 10. bekk í nóvemberkönnun árið 2013 4,5% (4,5%), 2012 3,8% (5,2%) og 2011 2,7% (4,9%) (landsmeðaltal). Þetta er ánægjuleg þróun og er það markmið starfsfólks Árskóla að áfram verði öflugt forvarnarstarf unnið í skólanum gegn einelti.

FAGMENNSKUVERKEFNI

Þróunarverkefni um *fagmennsku starfsfólks* í Árskóla var fram haldið á skólaárinu. Þetta er sjötta skólaárið í röð sem vinna í þróunarverkefninu stendur yfir. Fjögurra manna teymi hóf störf á miðju skólaári og hélt utan um fagmennskuverkefnið ásamt sjálfsmatsvinnu starfsfólks og nemenda. Í teyminu áttu sæti deildarstjóri unglíngastígs,



fulltrúi starfsfólks, náms- og starfsráðgjafi og kennsluráðgjafi sem veitti teyminu forstöðu. Alls voru bókaðir tíu fundir teymisins auk undirbúnings- og úrvinnslufunda fulltrúa úr teymi í einstökum verkefnum.

Unnið var eftir þeirri sýn sem sett var fram á síðasta skólaári og lögð til grundvallar faglegu starfi í Árskóla næstu misserin. Markmiðin eru eftirfarandi:

- *Að efla fagmennsku og starfsþróun starfsfólks Árskóla í nýju náms- og kennsluumhverfi*
- *Að innleiða nýja Aðalnámskrá grunnskóla í skrefum og hafa um leið skólanámskrá Árskóla til hliðsjónar*
- *Að vinna með ný hugtök og nýja áhersluþætti í Aðalnámskrá svo hún verði í raun samofin öllu skólastarfi í Árskóla*
- *Að allir starfsmenn taki þátt í innleiðingu, breytilegt eftir viðfangsefnum og störfum*
- *Að efla teymiskennslu*
- *Að viðhalda og efla sjálfsmat skólans*
- *Að nýta sem fyrr þann mannauð sem Árskóli býr yfir með jafningjafræðslu og félagastuðningi*

Handleiðslutæknin sem þjálfuð hefur verið hjá starfsfólki skólans undanfarin ár var nýtt til ígrundunar á skólastarfinu en aðferðin byggir á samtölum þar sem svokallað GROW model er notað. Alls voru 13 teymi starfandi, tíu árgangateymi, eitt teymi íþróttakennara, eitt teymi list- og verkgreinakennara og eitt teymi í upplýsinga- og tæknimennt. Kennarar og stuðningsfulltrúar áttu handleiðslusamtöl þar sem ígrundun teymiskennslu/teymisvinnu og tenging við Aðalnámskrá og skólanámskrá voru viðfangsefnið. Félagastuðningstímabil var sett upp frá 24. febrúar til 28. apríl. Þar var gert ráð fyrir því að hver starfsmaður tæki þátt í eftirfarandi að lágmarki: Einu handleiðslusamtali sem þiggjandi handleiðslusamtals, tveimur handleiðslusamtölum sem handleiðari og tveimur



vettvangsheimsóknnum. Að tímabili loknu var afrakstur vinnu hópanna kynntur á tveimur starfsmannafundum þar sem hvert teymi fór yfir helstu áherslur samstarfsins.

Skipulagsdagur var haldinn 26. mars í umsjón fagmennskuteymis. Þar ígrunduðu teymin m.a. teymiskennsluna/teymisvinnuna í sameiningu og unnu verkefni því tengdu. Fræðsla var í boði fyrir alla starfsmenn um forvarnaráætlun Árskóla og um lesblindu og námsaðferðir.

Nýir gæðagreinar voru unnir á skólaárinu bæði meðal starfsfólks og nemenda. Annað starfsfólk en kennarar vann að nýjum gæðagreini um *fagmennsku starfsfólks* á skipulagsdegi. Sambærilegur gæðagreininir var unninn fyrir nokkrum misserum um *fagmennsku kennara*. Gæðagreininirinn nýi var lagður til grundvallar í starfsmannaviðtali á vordögum hjá stjórnendum. Nýr gæðagreininir um *jafnrétti* var einnig unninn á skólaárinu og var lagður fyrir til mats og umbóta hjá starfsfólki og nemendum. Gæðaviðmið voru sett fram sem sneru bæði að nemendum sérstaklega og svo starfsfólki. Tveir gæðagreinar urðu því til um *jafnrétti*. Hvatinn að þeirri vinnu var ósk frá ráðuneyti um að skólinn setti fram aðgerðabunda áætlun um jafnrétti. Jafnréttisráð skólans ákvað að fara í þá vinnu í gegnum sjálfsmat skólans og nýta niðurstöður úr mati til að fullvinna áætlunina.

Jafnframt ákvað lykilmannahópur Olweusaráætlunarinnar í Árskóla að vinna að nýjum gæðagreini um aðgerðaáætlun skólans varðandi forvarnir gegn einelti. Lykilmannahópurinn vann því gæðagreini um Olweusaráætlunina og var hann lagður fyrir til mats og umbóta á skólaárinu.

Upplýsinga- og tæknimenntahópur vann jafnframt þrjá nýja gæðagreina um upplýsinga- og tæknimennt í skólastarfi og lagði fyrir starfsmenn til mats og umbóta.



Einnig vann stjórn nemendafélagsins drög að nýjum gæðagreini um sýn þeirra varðandi helstu áherslupætti í skólastarfi Árskóla. Ráðgert er að framhald verði á þeirri vinnu strax í upphafi næsta skólaárs og gæðagreinirinn tilbúinn á miðönn til mats og umbóta.

Kennarar unnu að uppfærslu skólanámsskrár, námsgreinahluta, nú á vordögum. Þeirri uppfærslu er ekki lokið en verður fram haldið í upphafi næsta skólaárs.

COMENIUS

Á þessu skólaári lauk Comeniusarverkefni á miðstigi (4. – 6. bekk). Verkefnið tengist umhverfismálum og endurvinnslu í skólunum sem taka þátt. Þátttökulöndin eru 9, Ísland, Ungverjaland, Króatía, Pólland, Þýskaland, Wales, Spánn, Ítalía og Finnland. Í tengslum við verkefnið hefur m.a. verið unnið með nemendum að verkefnum sem tengjast flokkun, endurvinnslu og hljóðfæragerð úr verðlausu efni. Einnig hafa nemendur 4. – 6. bekkjar haldið Skype-fundi við nemendur í nánast öllum samstarfslöndunum. Haldnir hafa verið 3 samstarfsfundir í vetur. Í október tók Árskóli á móti gestum frá hinum þátttökuskólunum, í mars var fundur í Þýskalandi og lokafundurinn var í Finnlandi í maí.

Síðastliðið haust fékk Árskóli styrk úr Erasmus+ til endurmenntunar fyrir starfsfólk sitt. Um er að ræða níu námsferðir þar sem starfsfólk mun kynna sér enn frekar aðferðir við sjálfsmat, félagastuðning og notkun spjaldtölva í námi og kennslu. Þessar námsferðir verða farnar á skólaárinu 2015-2016.

VINAVERKEFNIÐ

Vinaverkefnið er samstarfsverkefni leik-, grunn- og framhaldsskóla, frístundadeildar og foreldra í Skagafirði. Árskóli á tvo fulltrúa í vinateyminu, Margræti Björk Arnardóttur náms- og starfsráðgjafa og Helgu Harðardóttur kennsluráðgjafa. Selma Barðdal, uppeldis- og sálfræðiráðgjafi hjá Fjölskylduþjónustu Skagfirðinga er verkefnastjóri. Grunnhugmynd vinaverkefnisins er að ekkert barn í Skagafirði upplifi vinalausa æsku og að það þurfi heilt



þorp til að ala upp barn. Vinaverkefnið hófst formlega vorið 2008 og var fyrstu árin styrkt af styrktarsjóðnum *Sáttmála til sóknar*. Vinaverkefnið hlaut Foreldraverðlaun Heimilis og skóla 2011.

Sameiginlegur vinadagur var haldinn í þriðja sinn 15. október sl. í Íþróttahúsinu á Sauðárkróki í samvinnu við leik-, grunn- og framhaldsskóla hér í Skagafirði. Í ár var dagskráin með örlítið breyttu sniði. Hún hófst kl. 10 og lauk kl. 13. Samvera árganga var lengd eftir óskir sem fram komu í fyrra en samveran þótti þá takast afar vel. Árgangar snæddu saman hádegisverð en nestisstund var felld út. Vinaliðaleikir fyrir mið- og unglíngastig voru tímasettir í Íþróttahúsinu í umsjón verkefnastjóra. Markmið vinadagsins var fyrst og fremst að skapa sameiginlegan vettvang fyrir nemendur og starfsfólk skólanna í firðinum til þess að hittast og eiga ánægjulega samverustund sem fyrr. Minnt er á að hugmyndin um að halda vinadag fyrir öll börn í Skagafirði kemur fyrst og fremst frá börnunum sjálfum. Mikill áhugi er meðal nemenda í Skagafirði að skapa aukin tækifæri til þess að hittast og gera eitthvað saman, kynnast hvert öðru betur og treysta vináttuböndin. Allir nemendur og allt starfsfólk grunnskólanna í firðinum auk nemenda úr skólahópum leikskólanna þriggja og starfsmanna þar tóku þátt í vinadeginum en vinateymið sá um skipulag og framkvæmd vinadagsins ásamt starfsmönnum úr skólunum og frístundageiranum. Nemendur úr FNV tóku einnig þátt m.a. með því að flytja tónlistaratriði og sjá um kynningu dagskrár. Áætlað er að um 900 manns hafi verið saman komnir í Íþróttahúsinu á vinadeginum þegar mest lét.

Innleiðing á Vinaliðaverkefninu hefur verið í fullum gangi á landsvísu á skólaárinu en hugmynd að innleiðingu á því verkefni kom upphaflega frá vinateyminu. Fjallað er um Vinaliðaverkefnið í sér kafla í þessari skýrslu.

Íþróttahreyfingin óskaði eftir samstarfi við Vinaverkefnið um að samræma forvarnir gegn einelti fyrir öll börn í Skagafirði fyrir um ári síðan. Í grunnskólunum í Skagafirði er unnið



eftir eineltisáætlun Olweusar, íþróttahreyfingin vinnur eftir áherslum ÍSÍ í forvörnum gegn einelti. Ákveðið var að fara í þá vinnu að búa til samstarfsáætlun sem snýr m.a. að því að starfsfólk í íþróttageiranum fái reglubundna fræðslu um forvarnir og viðbrögð gegn einelti. Skýra verkferla um samstarf á milli samstarfsaðila þegar grunur um einelti vaknar á meðal iðkenda og að útbúa viðbragðsáætlun þegar upp kemur grunur um einelti. Samstarfssamningurinn var undirritaður af formanni UMSS Jóni Daníel Jónssyni og Selmu Barðdal Reynisdóttur verkefnastjóra Vinaverkefnisins á atvinnulífssýningunni þann 27. apríl 2014. Nú hefur skiltum um viðbragðsáætlun gegn einelti og sáttmálanum verið komið upp við alla íþróttaaðstöðu, bæði úti og inni, í firðinum. Fyrsta námskeið fyrir þjálfara og starfsfólk frístundageirans var jafnframt haldið nú á vordögum líkt og samningurinn gerir ráð fyrir.

Markmið samstarfsins er eftirfarandi:

- Að börnum í Skagafirði líði vel í skóla- og íþróttastarfi
- Að allir taki virka afstöðu gegn einelti
- Að forvarnir og viðbrögð gegn einelti séu samræmd á milli skóla og íþróttastarfs í Skagafirði

Sáttmáli gegn einelti í Skagafirði.

Við leggjum ekki í einelti. Við komum fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur. Við tökum ábyrgð á hegðun okkar. Við aðstoðum þá sem verða fyrir einelti og segjum fullorðnum frá eineltinu. Við gætum þess að enginn sé skilinn útundan og að öllum líði vel í skóla- og íþróttastarfi.



FYLGISKJÖL

FYLGISKJAL 1 – SKÓLADAGATAL 2014 - 2015

Samband íslenskra sveitarfélaga		Skóladagatal 2014 - 2015												Árskóli
		Nafn skóla:												
AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÁI	JUNÍ				
1. M	1. M	1. M	1. L	1. M	1. F	1. S	1. S	1. M	1. F	1. M	1. M	1. M		
2. P	2. P	2. F	2. S	2. P	2. F	2. M	2. M	2. F	2. L	2. P	2. L	2. P		
3. M	3. M	3. F	3. M	3. M	3. L	3. P	3. P	3. F	3. S	3. M	3. M	3. M		
4. L	4. L	4. L	4. P	4. F	4. S	4. M	4. M	4. L	4. M	4. F	4. F	4. F		
5. S	5. S	5. S	5. M	5. F	5. M	5. F	5. F	5. S	5. P	5. F	5. F	5. F		
6. M	6. M	6. M	6. F	6. L	6. P	6. F	6. F	6. M	6. P	6. L	6. L	6. L		
7. F	7. F	7. P	7. F	7. S	7. M	7. L	7. L	7. P	7. F	7. S	7. S	7. S		
8. M	8. M	8. M	8. L	8. M	8. F	8. S	8. S	8. M	8. F	8. M	8. M	8. M		
9. L	9. L	9. F	9. S	9. P	9. F	9. M	9. M	9. F	9. L	9. P	9. P	9. P		
10. S	10. M	10. F	10. M	10. M	10. L	10. P	10. P	10. F	10. S	10. M	10. M	10. M		
11. M	11. F	11. P	11. P	11. F	11. S	11. M	11. M	11. L	11. M	11. F	11. F	11. F		
12. P	12. F	12. M	12. M	12. F	12. M	12. F	12. F	12. S	12. P	12. F	12. F	12. F		
13. L	13. L	13. S	13. F	13. L	13. P	13. F	13. F	13. M	13. M	13. L	13. L	13. L		
14. S	14. P	14. P	14. F	14. S	14. M	14. L	14. L	14. P	14. F	14. S	14. S	14. S		
15. F	15. M	15. M	15. L	15. M	15. F	15. S	15. S	15. M	15. F	15. M	15. M	15. M		
16. P	16. F	16. F	16. S	16. P	16. F	16. M	16. M	16. F	16. L	16. P	16. P	16. P		
17. S	17. M	17. F	17. M	17. L	17. P	17. S	17. P	17. F	17. S	17. M	17. M	17. M		
18. F	18. F	18. P	18. P	18. F	18. S	18. M	18. M	18. L	18. M	18. F	18. F	18. F		
19. F	19. F	19. M	19. M	19. F	19. M	19. F	19. F	19. S	19. P	19. F	19. F	19. F		
20. M	20. L	20. M	20. F	20. P	20. P	20. F	20. F	20. M	20. M	20. L	20. L	20. L		
21. F	21. P	21. P	21. F	21. S	21. M	21. L	21. L	21. P	21. F	21. S	21. S	21. S		
22. F	22. M	22. M	22. L	22. M	22. F	22. S	22. S	22. M	22. F	22. M	22. M	22. M		
23. F	23. F	23. P	23. S	23. P	23. F	23. M	23. M	23. F	23. L	23. P	23. P	23. P		
24. F	24. M	24. F	24. M	24. M	24. L	24. P	24. P	24. F	24. S	24. M	24. M	24. M		
25. M	25. F	25. L	25. P	25. P	25. S	25. M	25. M	25. L	25. M	25. F	25. F	25. F		
26. P	26. M	26. M	26. M	26. F	26. M	26. F	26. F	26. S	26. P	26. F	26. F	26. F		
27. M	27. L	27. M	27. L	27. F	27. P	27. F	27. F	27. M	27. M	27. L	27. L	27. L		
28. S	28. S	28. F	28. F	28. M	28. M	28. L	28. L	28. P	28. F	28. S	28. S	28. S		
29. M	29. M	29. M	29. L	29. M	29. F	29. M	29. S	29. M	29. F	29. M	29. M	29. M		
30. P	30. P	30. F	30. S	30. P	30. F	30. P	30. P	30. M	30. L	30. P	30. P	30. P		
31. S	31. F	31. F	31. L	31. M	31. L	31. L	31. P	31. M	31. S	31. S	31. S	31. S		

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru firm og skulu ákeðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hlífðsjón af kjarasamningnum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.



FYLGISKJAL 2 – SKÓLADAGATAL 2015 - 2016

Nafn skóla: Árskóli

Skóladagatal 2015 - 2016

Samband íslenskra sveitarfélaga

	AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUÁR	MARS	APRIL	MAÍ	JUNÍ
1. L	1. Þ. Reykjalón 7. bekkur	1. F	1. F	1. S	1. Þ. Arnarhills - 2. bekkurfréttir	1. F. Nýskólagar	1. M	1. Þ. Arnarhills þriggja tölur	1. F	1. S. Vindfórnagötinn	1. M. Skólabúgar
2. S	2. M. Reykjalón 7. bekkur	2. F	2. F	2. M. Skólabúgar	2. M. Arnarhills - 3. bekkur	2. L	2. M	2. M. Arnarhills þriggja tölur	2. L	2. M	2. F. Sakast
3. M	Þriggja verkfræðingarnir	3. F. Reykjalón 7. bekkur	3. L	3. Þ. Þ	3. F	3. S	3. M. Skólabúgar	3. F. Arnarhills þriggja tölur	3. S	3. Þ	3. F
4. Þ	4. F. Reykjalón 7. bekkur	4. S	4. S	4. M	4. F	4. M. Kennaskráttíðir á Jökulvífi	4. F	4. F	4. M	4. M	4. L
5. M	5. L	5. M	5. M	5. F. Þriggja bekkur	5. L	5. Þ	5. F	5. L	5. Þ	5. F. Únglingarþingur	5. S. Spögnadagurinn
6. F	6. S	6. Þ	6. Þ	6. F. Ólafur Sveinsson gegn eðli	6. S	6. M. Þrjústakinn	6. L. Dagar bekkisins	6. S	6. M	6. F. Skólabúgar	6. M
7. F	7. M	7. M	7. M	7. M	7. M	7. F	7. S	7. M	7. F	7. L	7. Þ
8. L	8. Þ. Dagar háts	8. F	8. F	8. S. Barntölur gegn eðli	8. Þ	8. F	8. M. Bekkingarfréttir	8. Þ	8. F	8. S	8. M
9. S	9. M. Þerra	9. F. Þriggja bekkur	9. M	9. M	9. M	9. L	9. Þ. Skólabúgar	9. M. Arnarhills 10. bekkurfréttir	9. L	9. M	9. F
10. M	10. F. Þerra	10. L	10. L	10. F	10. F	10. S	10. M. Skólabúgarfréttir	10. F	10. S	10. Þ	10. F
11. Þ	11. F. Þerra	11. M	11. S	11. M	11. F	11. M	11. F. Arnarhills	11. F	11. M	11. M	11. L
12. M	12. L. Vindfórnir 11. M.	12. M	12. M	12. F	12. L	12. Þ	12. L. Vindfórnir	12. L	12. Þ	12. F	12. S
13. F	13. S	13. F	13. Þ	13. F	13. S	13. M	13. L	13. S	13. M	13. F	13. M
14. F	14. M	14. M. Vindfórnir	14. L	14. M	14. M	14. F	14. S	14. M	14. F	14. L	14. Þ
15. L	15. Þ	15. F. Vindfórnir	15. Þ	15. S	15. Þ	15. F	15. M	15. Þ	15. F	15. S. Húsnámsdagur	15. M
16. S	16. M. Dagar ískemmtu náttúru	16. F. Vindfórnir	16. F	16. M. Dagar ískemmtu náttúru	16. M	16. L	16. Þ	16. M	16. L	16. M. Arnar íhlutun	16. F
17. M	Barntölur matar	17. F	17. L	17. Þ	17. F	17. S	17. M	17. F	17. F	17. Þ	17. F. Únglingadagurinn
18. Þ	Únab	18. F	18. S	18. M	18. F. Þriggja	18. M	18. F	18. F	18. M	18. M	18. L
19. M	Únab	19. L	19. M	19. F	19. L	19. Þ	19. F	19. L	19. Þ	19. F	19. S
20. F	Únab	20. S	20. Þ	20. F	20. S	20. M	20. L	20. S. Þráttunnaur	20. M	20. F	20. M
21. F	Únabfréttir	21. M. Sér. 10. b. í hl.	21. M	21. L	21. M. Únab	21. F	21. S. Þriggja	21. M. Þráttunnaur	21. F. Þráttunnaurfréttir	21. L	21. Þ
22. L	22. Þ. Sér. 10. b. í hl.	22. F	22. F	22. S	22. Þ. Únab	22. F. Þráttunnaur	22. M	22. Þ. Þráttunnaur	22. F	22. S	22. M
23. S	23. M. Sér. 10. b. í hl.	23. F	23. F	23. M. Þráttunnaur	23. L	23. M	23. Þ	23. M. Þráttunnaur	23. L	23. M	23. F
24. M	Únab	24. F. Sér. 4 og 7. b. í hl.	24. L	24. Þ. Arnarhills bekkur	24. F. Þráttunnaur / Þ	24. S	24. M	24. F. Skólabúgar	24. S	24. Þ	24. F
25. Þ	Þráttunnaur	25. F. Sér. 4 og 7. tölur	25. S	25. M. Arnarhills bekkur	25. F. Þráttunnaur	25. M	25. F	25. F. Þráttunnaurfréttir	25. M	25. M	25. L
26. M	26. L	26. M	26. M	26. F	26. L. Arnar í hlutun	26. Þ	26. F	26. L. Arnar í hlutun	26. F	26. F	26. S
27. F	27. S	27. Þ	27. Þ	27. F	27. S	27. M	27. L	27. S. Þráttunnaur	27. M	27. F	27. M
28. F	28. M	28. M	28. M	28. L	28. M. Únab	28. F	28. S	28. M. Arnar í hlutun	28. F	28. L	28. Þ
29. L	29. Þ	29. F	29. F	29. S	29. Þ. Únab	29. F	29. M	29. Þ. Þráttunnaur	29. F	29. S	29. M
30. S	30. M	30. F	30. M	30. M	30. M. Únab	30. L	30. M	30. L	30. L	30. M	30. F
31. M	Reykjalón 7. bekkur	31. L	31. L	31. M	31. F. Þráttunnaur	31. S	31. F	31. F	31. F	31. Þ. Únab og bekkur	31. F

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslensku skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólasjórn í samráði við kennara og með hlífðun af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.



FYLGISKJAL 3 - UMSÓKN UM NÁMSVAL Í 9. OG 10. BEKK



Umsókn um námsval 2015-2016

9. og 10. bekkur

Nafn: _____ Bekkur: _____

Staðfesting foreldris/forráðamanns: _____

Kjarnagreinar eru 28 kennslustundir á viku og nemendur velja 9 stundir í valgreinum, að lágmarki 2 kennslustundir í list- og verkgreinum (skáletraðar greinar) og 7 kennslustundir í fríálsu vali. Samkvæmt viðmiðunarstundaskrá á hver nemandi í 9. og 10. bekk að skila 37 kennslustundum á viku.

Veldu 6 greinar og númeraðu frá 1-6.

1 = fyrsti kostur o.s.frv.

() = fjöldi kennslustunda á viku

Athugaðu að velja að minnsta kosti eina list- og verkgrein (skáletruðu greinarnar) og númera í 1. – 3. sæti.

Textímennt (2)	Málmsmiði (2)	9.b. Náttúrufræðival (2) Fyrir þá sem stefna á náttúruvísindabraut í framhaldsskóla og aðra áhugasama
Hönnun og smíði (2)	Glerlist (2)	10.b. Raungreinaval (2) Fyrir þá sem stefna á náttúruvísindabraut í framhaldsskóla
Tónlistarval (2)	Íþróttافرæði/skólahreysti (2)	9.b. Samfélagsfræðival (2) Fyrir þá sem stefna á félagsfræðibraut í framhaldsskóla
Myndlist I (2)	Knattspyrnuval (2)	10.b. Samfélagsfræðival (2) Fyrir þá sem stefna á félagsfræðibraut í framhaldsskóla
Myndlist II (2)	Jóga (2)	Fjármálalæsi (2)
Leiklist - 9.b (2)	Margmiðlun (2) Myndvinnsla, stuttmyndagerð	Forritun (2)
Leiklist - 10.b (2)	Miðlamennt/fjölmiðlun (2)	Útivistarval (1)
Heimilisfræði I (2)	Starfsþjálfun (a.m.k. 2) í samstarfi við fyrirtæki/stofnanir	Kvikmyndaval (2)
10.b. Heimilisfræði II (2) Aðeins að loknu Heimilisfræði I	Vinnusmiðja í kjarnagreinum (2)	9. b. Hestamennska (1) Vikunámskeið í samstarfi við Hólaskóla
Kórastarf (2) Skólakór Árskóla		

Vinsamlegast athugið varðandi námsgreinar sem auðkenndar eru með númerunum I og II, að ekki er hægt að velja II nema hafa lokið við I.

Bundið val í 9. bekk: Allir nemendur í 9. bekk fara á tveggja daga námskeið í FNV og fá kynningu á iðnnámi (1).

Skotið vel lýsingar á valáföngum í valgreinabók á vef skólans.

Skilið valblaðinu til ritara eða umsjónarkennara í síðasta lagi föstudaginn 29. maí 2015.

Skólastjórnendur.



Umsókn um að fá íþróttagrein eða sérskólanám viðurkennt sem valgrein skólaárið 2014-2015.

Heimilt er að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla og þátttöku í íþróttum sem hluta af grunnskólanámi.

_____ Ég óska eftir að fá tónlistarnám við Tónlistarskólann metið sem valgrein.

Skilyrði fyrir því að fá tónlistarnám metið er að nemandinn sé í fullu námi í tónlistarskóla.

_____ Ég óska eftir að fá íþróttagreinina _____ metna sem valgrein.

Skilyrði fyrir því að fá íþróttæfingar metnar sem valgrein, er að æfingarnar séu a.m.k. þrisvar í viku

(3x40 mínútur) og nemandinn skili 80% mætingu á æfingar. Nemandi getur aðeins fengið eina

íþróttagrein metna hvert skólaár. Skólinn metur æfingarnar sem 2 kennslustundir á viku og gerður er

sérstakur samningur sem nemandi undirritar ásamt foreldri og þjálfara.

Foreldrar bera ábyrgð á því að upplýsa skólann ef breytingar verða á ástundun nemandans í viðkomandi íþróttastarfi eða sérskólanámi. Skólinn mun óska eftir staðfestingu á ástundun nemandans á skólaárinu.

Foreldrar bera allan kostnað af námi sem óskað er eftir með þessum hætti.



FYLGISKJAL 4 – SAMNINGUR

SAMNINGUR

Íþróttæfingar hjá íþróttafélagi metnar sem valgrein í 9. og 10. bekk

Íþróttagrein: _____ Íþróttafélag: _____

Hér með vottast að skólaárið _____ - _____

æfir _____ (nafn nemanda)

í _____ bekk _____ (íþróttagrein) _____ sinnum í viku (fjöldi

æfinga).

Skilyrði fyrir því að fá æfingarnar metnar sem valgrein er að æfingarnar séu a.m.k. þrisvar í viku (3x40 mínútur) og nemandinn skili 80% mætingu á æfingar.

Nemandi getur aðeins fengið eina íþróttagrein metna hvert skólaár. Skólinn metur æfingarnar sem 2 kennslustundir á viku.

Verði breyting á ástundun nemandans, þ.e. nemandi hættir að æfa eða fækkar skipulögðum æfingum, skal þjálfari tilkynna það til skólans og fellur þá samningur þessi þegar úr gildi og nemandinn þarf að bæta við sig tímum í valgreinum sem nemur mati skólans á viðkomandi grein.

Dagsetning

Skólastjórnandi

Þjálfari

Foreldri

Nemandi

Gildistími samningsins er eitt skólaár í senn.

FYLGISKJAL 5 – NÁMSVAL Í 8. BEKK



Valblað fyrir nemendur í 8. bekk

skólaárið 2015-2016

Nafn nemanda: _____ Bekkur: _____

Staðfesting foreldris: _____

Skólaárið 2015 – 2016 er 8. bekk boðið upp á 2 kennslustundir á viku í valgreinum. Skólaárið hjá okkur er 3 annir og munu nemendur vera í einni valgrein á önn. Því þurfa þeir að velja 3 valgreinar.

Vinsamlegast merkið við allar greinarnar sem í boði eru (1 – 6), 1 við þá grein sem þið viljið helst o.s.frv. Reynt er að koma til móts við óskir nemenda með því að gefa þeim kost á að komast í greinar sem þeir vilja helst, en þó gæti þurft að leita í varaval ef fjöldi í einstakar greinar verður of mikill.

Veldu sex greinar og númeraðu frá 1 – 6 (í forgangsröð).

	<p>Útivist Valgreinin útivist byggir á að njóta náttúrunnar og útiveru á sem fjölbreyttastan hátt. Hugsanleg verkefni: Útileikir, fjallganga, náttúruskoðun (fluglar, fjara). hjólríðar, reiðtúr, veiðiferð, siglingar, golf, skíði, skautar.</p>
	<p>FabLab Valgreinin byggist á vinnu í forritinu Inkscape þar sem nemendur læra grunnatriði þess. Samhliða vinnu í forritinu heimsækja nemendur FabLab-smíðjuna á Sauðárkróki þar þeim gefst tækifæri til að framleiða þá hluti sem þeir hafa hannað. Gert er ráð fyrir að nemendur læri að búa til límmiða, hlut úr plexigleri og teikna („rastera“) á gler.</p>
	<p>Leiklist Aðferðum leiklistarinnar verður beitt til að styrkja sjálfstraust og framkomu þátttakenda. Við kennslu verða notaðar verklegar æfingar svo sem spunaleikir og leikræn tjáning. Farið er í leikrænar æfingar og leikspuna og í atriði eins og framsögn, að tala máli sínu, segja sögur og halda fyrirlestur. Einnig verða æfðir stuttir leikþættir þar sem reynir á persónusköpun þátttakenda.</p>
	<p>Ljósmyndun Markmiðið er að nemendur öðlist innsýn í myndmál ljósmynda, þekki og geti nýtt sér ýmis grunnatriði í ljósmyndun og vinnslu ljósmynda í tölvum. Kynnt verða grunnatriði í myndatöku, vali á myndefni og myndbyggingu. Nemendur leita uppi dæmi um vandaðar myndir og slakar myndir á Netinu og rökstyðja valið. Unnið verður bæði innan- og utandyra við ljósmyndun og í tölvustofu við lagfæringu á myndum. Einnig verður ljósmyndað út frá ákveðnu þema. Áhersla á umræðu um hvað gerir góða mynd góða, samvinnu nemenda um tæknilegar lausnir og markviss vinnubrögð. Stefnt er að því að gera afrakstur af vinnu nemenda sýnilegan innan skólans.</p>
	<p>Heimabyggðin mín Markmið þessarar valgreinar er að nemendur kynnist heimabyggðinni á markvissan hátt. Þeir heimsækja fyrirtæki og stofnanir á svæðinu og kynna sér starfsemi og framleiðslu sem þar fer fram. Jafnframt er gert ráð fyrir að nemendur læri helstu örnefni og kennileiti í héraðinu, þekki listamenn af svæðinu og verk þeirra. Unnin er verkmapa þar sem nemendur safna saman öllum verkefnum sem þeir vinna.</p>
	<p>Fluguhnýtingar Markmiðið er að nemendur læri réttu vinnubrögðin við fluguhnýtingar. Hnyttar verða nokkrar algengar veiðiflugur.</p>

Vinsamlegast skilið valblaðinu til umsjónarkennara fyrir 1. september.